

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
b/t Sigurður Hreinsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 12. nóvember 2019  
UST201911-005/A.B.  
10.04.03


**Efni: Lýsing vegna deiliskipulags Sultartangastöðvar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Ásahreppi og Rangárfingi ytra.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Ásahrepps og Rangárfings ytra er barst 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir Sultartangastöð.


Í greinargerð kemur fram að deiliskipulaginu er ætlað að setja ramma utan um starfsemina á svæðinu, skilgreina lóðir, gera grein fyrir innviðum og háspennulínunum og að staðfesta núverandi landnotkun.

Auk þess kemur fram að samgöngur innan skipulagssvæðisins verða yfirfarnar, en þar sem innan deiliskipulagssvæðisins eru fjölmargir vegir og slóðar bendir stofnunin á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur